8. Brúðkaupsveizlur fyrrum

7 blöð qto. + 1 miði

Brúðkaupsveizlur ~~[illegible]~~

Tjaldið – ~~undirbúningur~~ – ~~framreiðslumaður [illegible]~~.

~~Sveinamenn~~ – Búningur brúðhjóna –

Sálmar, ræða – Ferðalög –

Veizlukostur – Steik, sætsúpa eða grjónavellingur

Púns – Drykkja – Dans? – Brúðargjafir.

Heimferð – (Fara í boðið – Boðsmenn –

~~Er~~ Hallgrímur Kúi og Björn –

Brúðarganga – Brúðguminn ætlaði að leiða brúðurina Sagði hún þá: „Og ég hef nú gengið ein í hvassara!"

8. Brúðkaupsveizlur fyrrum

7 blöð qto. + 1 miði

# Brúðkaupsveizlur.

Þær voru að ýmsu leyti líkar erfidrykkjunum, en einkum þó í því, að þær voru fjölmennar mjög, og að jafnaði fjölmennari. Að [illegible] í brúðkaupsveizlunum sat Gleðin, en í erfidrykkjunum sat Sorgin, en sameiginlegt með þeim var matur og drykkur og í báðum meira en góðu hófi gegndi.

Venjulega voru 60-100 manns í brúðkaupsveizlunum og jafnvel 150-160 boðsgestir. Einstaka erfidrykkja var einnig svo mannmörg. Man ég eftir tveim þeirra. Var önnur þeirra haldin á Stokkseyri haustið 1874, þegar Jóhann Diðrik sál., sonur Adolfs gamla var jarðsunginn, en hin tveim árum síðar um sumarið 1876, þegar tengdamóðir mín, Ingveldur Ásgrímsdóttir, fyrri kona Adolfs yngra var jarðsungin. Boðsgestir í fyrri erfidrykkjunni voru 156, en í hinni síðari 112. Fóru þær báðar vel fram og með miklum hátíðleik, enda var þá mikils að sakna og margt að þakka.

– Tilhugalífið hafði staðið um mörg ár, máske lengst af án þess aðrir menn vissu neitt um það, nema hvað þá grunaði að „eitthvað væri á milli þeirra", hans Jóns og hennar Gunnu. Þótt þau ætti heima sitt á hvorum bæ, „atvikaðist það stundum svona til", að þau voru samferða öðru fólki í réttirnar og svo sáust þau oft saman við kirkjuna. En svo varð þetta opinbert og á allra vitorði, ýmist þótti og lítið um það talað, nema þá með aðdáun og velþóknun af því, „hve vel þau ætti saman", eða sem um „hvern annan ófsagðan blett". „Menn höfðu lengi „grunað" þetta o.s.frv. Þá var það mjög sjaldgæft, að piltur og stúlka hlypi saman, eins og kross í haga: Hjónabandið var að almenningsáliti talið miklu hátíðlegra en svo, að það væri haft í fíflskaparmálum.

Opinberar trúlofanir fóru venjulega aðallega fram með því, að Jón og Gunna settu upp trúlofunarhringana, en sjaldan þó fyrr en fengið var samþykki foreldra þeirra eða annarra aðstandenda, að trúlofunin væri í

sínu gildi og það tryggt, að þeir væri einráðir með hana. Trúlofunin stóð oft árum saman, jafnvel allt að 5–6 árum, þ.e.a.s. að oft leið svo langur tími frá því að þau hétu og bundu hvort öðru ást sína, hvort til annars þangað til brúðkaup þeirra fór fram og var tíminn til þess, er hún var gift og trúlofuð kallað að hún „sæti í föstum."

Sjaldan kom til þess, að piltur og stúlka brigði trúnaði hvort við annað, eða aðrir kæmi upp á milli þeirra, eftir það, er tilhugalífið og trúlofunin var um liðið; enda voru þá engar kennslustofnanir til, sem kennt gæti aðferðina og tilhneiging alla í þeim efnum, ekkert bíó, ekkert þjóðleikhús né útvarp, fáar danssamkomur og enginn Aðalsteinn í neinum barnaskóla, sem kennt gæti börnum að teikna kynfæri manna, skýra, sem fræði fyrir þeim og útlista svo, að hægt væri að halda sínar sýningar í teikningunum, neita vendilega fyrir þær eða segja með í þess konar íþróttum, því ekkert af þessu var til á þeim tímum. „Framförin" í þessu kom ekki fyrr en síðan var fjórðungur 20. aldarinnar, og hefir henni gætt æ því betur með ári hverju síðan og einkum nú, er tíð er önnur orðin síðan kom til sögunnar, sem kunnugt er, og sem miklum straumhvörfum hefir valdið í þessum efnum sem öðrum, er þjóðin varð að fara á mis við áður, en sem nú miða til hinna mestu framfara meðal hinnar yngri kynslóðar, sem nú setur hvort „metið" af öðru, þ.e.a.s. „ástarlífs met", sem svo er kallað. —

Nú kom að því, að piltur og stúlka vildi staðfesta hjúskaparheit sín, frammi fyrir söfnuðinum og á þeim stað, sem hann taldi sér helgastan, kirkjunni.

Var þá fyrst byrjað á því, að pilturinn fengi sér svaramann; varð þá oftast fyrir menn, annaðhvort náinn ættingi brúðhjónaefnanna eða valinn kunnur bóndi. Næsta skrefið var að fara til prestsins og biðja hann að „lýsa" með brúðhjónaefnunum; varð það að vera í þrjá sunnudaga í röð eða með litlu millibili, oftast í þeirra eigin kirkju eða þá einnig í útsóknarkirkju prestsins. Hjónabandslýsingarnar fóru jafnan fram að lokinni stólræðu prestsins og af prédikunarstóli (sbr. lög 22. sept. 1899 nú í síðari tímum) og á þessa leið:

„Hér með lýsist til hjónabands (áður: „til egtaskapar") með þeim (yngismanni, eða ekkjumanni) N. N. og (yngismey, eða ekkju) N. N., að þeim vitandi báðum og áður lýstum lýsingum af prédikunarstóli í kirkju. Guð láti þetta fyrirtæki þeirra verða þeim og öðrum til blessunar í bráð og lengd og öðrum til fyrirmyndar. Viti nokkur meinbugi á þessu, þá segi hann til þess í tíma."x – Sjaldan mun hafa til þess komið, að meinbugum væri lýst, en þeir voru m. a. fólgnir í því, að hindra giftinguna, t. a. m. um tíma, ef annaðhvort hjónaefnanna var haldið hættulegum sjúkdómi, eða það hefði móti þeim drýgt einhvern glæp og eigi tekið út hegningu fyrir, eða ef um frændsemi allnáin væri að ræða, og því um líkt.

x eða þegi síðan."

Að þrem lýsingum loknum var svo giftingardagurinn ákveðinn, venjulega að haustinu til og á einhverjum helgum degi í sóknarkirkju brúðhjónaefnanna og á hó- degi eða eftirfarandi því. Til brúðkaupsins og veizlu þeirrar er halda skyldi að því loknu sama dag, var ýmist boðið bréflega eða með viðtali við þá. Fyrst og fremst var foreldrum hjónaefnanna og systkinum, en það skyldi sækja. Fyrst og fremst var foreldrum boðið, en síðan öðrum vinum, helzt hjónum og nánustu vandamönnum boðið, og oft var einnig sveitarinnar og annarar sveitar ef þeir áttu heima í þar og ef annaðhvort hjónanna gat eigi þegið boðið uppkomnum börnum þeirra og ef boðið, var það talið fram að sérhvert barna þeirra, þótt innan tektar væri, mátti vera „í boði" þess eða þeirra. – Þegar faðir þeirra var framin- staðamaður og móðir þeirra bústýra, sem væntanlega þurfti ekki að „bjóða," var eitt eða tvö börn þeirra látin þiggja boðið. – Ég átti nokkrum sinnum kost á því að nota þvílík tækifæri og frá þeim er þekking mín á þessu runnin. –

Nokkra daga áður en giftingardagurinn rann upp var unnið að því, að safna saman ýmiskonar áhöldum til veizluhaldsins, fá lánaða diska og steikarföt, hnífa, gaffla, skeiðar og spæni; voru það fallega gerðir hornspænir, ýmist hinir svonefndu brúð- kaupsspænir eða nautshyrnur, eftir því hvort þeir höfðu smíðaðir verið úr hrúts- hornum eða kúa; voru þeir útskornir, fangamark eiganda að baki til, og

að framanverðu einhverri áletran, t.d. oft þessari: „Guð blessi matinn!“

Sykurker og rjómaskálar voru og nauðsynlegar til því líkra veizluhalda, og væri veizlan mannmörg, með yfir 100 boðgesti, voru áhöld þessi að mestu leyti fengin að láni úr Lefoliisverzlun, svo og borðdúkar (úr hvítu lérefti) og dúkar til tjaldgjörðarinnar. Ef eitthvað af þessu skemmdist eða týndist, var sjálfsagt að borga það fullu verði, en aldrei var neitt tekið fyrir lánið á þeim.

Veizlusalurinn var oftast bæjarskemman, tjölduð innanveggja salúns-ofnum ábreiðum og brekánum neðanfrá setubekkjum upp að mæniásnum, en þar á skemman rúmaði eigi nema lítinn hluta veizlugestanna, varð að reisa hæfilega stórt tjald fram af henni og þar var háborðið við gafl þess. Annars voru borð þannig sett, að fram með hvorri hlið veizlusalsins voru löng borð, með rúmlegu gangrúmi á milli borðs og veggja; setið var á bekkjum en ekki stólum. Innst í salnum var borð sett við enda hinna borðanna, þversum yfir borðsalinn (tjaldið), og var það nefnt háborð. Kertaljós mörg loguðu á öllum borðum, því þá voru engir lampar til; kertin voru einnig meðfram veggjunum, og á smáhillum er hengdar voru á veggina. Grútarlampar voru aldrei notaðir við því líkt tækifæri.

Við háborðið og fyrir því miðju sátu brúðhjónin og presturinn, jafnan við hlið brúðarinnar, til vinstri handar henni, en brúðguma til hægri, síðan foreldrar „ungu hjónanna“ á báða vegu út frá þeim og loks hver af öðrum eftir mannvirðingum, og krakkar annaðhvort yzt við dyr tjaldsins eða skemmunnar, því þar var inngangurinn í veizlusalinn.

Til undirbúnings þessa heyrði og það, að framreiðslumaður væri fenginn, svo og búrkona; kom hún oftast einum degi eða tveim í veizlustaðinn til þess að sjá um að matarföng öll væri nóg og áhöld, svo og að búa matinn til, kaldan mat daginn áður, en heitan mat sama daginn, sem brúðkaupið átti að fara fram. Kaldur matur var hangið kjöt, brauð alls konar, er búrkonan bakaði sjálf,

því ekkert var brandgjörðarhúsið til þar eystra fram að 1884, en oftast var kringlur og annað hart brauð var fengið frá verzluninni. Heitur matur var: Sauðakjöt eða nautasteik, sætsúpa eða grjónavellingur með kanel og öðru krydd-meti; sinnep, strásykur, kardemommur, engifer, salt og negull var í þessum kemur hér og þar á öllum borðum; stundum var og hákarl og harðfiskur meðal rétta þessara, vínflöskur nokkrar og brennivíns, en öl aldrei; annars vínfanga gætti kjallarameistarinn og útbýtti þeim síðar en til þeirra þurfti að taka og fannst var að drekka púnsið, en það var framreitt í stórri skál með sjóðandi heitu vatni og rommi eða Whisky helt í skálina eftir því sem með þurfti og var því ausið í bolla eða glös með stórri skeið eða sleif. Var þá, sem vænta mátti, margur maðurinn, sem ganga þurfti „til bergingar" og sopa drjúgum á, en það var nú þá sama hvorju, eins og Svíar hafa að máltæki um Dala-karlana sína, og samsvarandi því sem við segjum um það, sem er svo lítið, að þess sér engan staðinn „það er eins og einn dropi í úlnum kjafti", en Svíar segja: „Det är som att spotta i halsen på en törstig Dalkarl." Um suma þessa menn mátti segja, að hálsinn á þeim væri „þurr" orðinn og að eigi nægði það eitt, að „spýta" í hann, heldur hella. Þó var þetta með flesta þeirra svo, að þeir gættu hófs í því sem öðru: Flestir þeirra, er annars neyttu víns, urðu aðeins hýrir eða setkenndir, urðu skrafhreifnir og varð þá oft hinum síðastnefndu sú hætta á að verða fullir eða jafnvel útúrdrukknir, en að þeim varð aldrei neinn veizluspillir: þeir voru beinlínis til spillis allri gleði.

Dæmi veit ég og til þess, að brúðguminn sjálfur varð, að hálfnaðri brúðkaups-veizlu svo ölóður, að hann varð að binda og bera hann á brott.

Sem betur fer er óhætt að segja, að þetta var óvenjuleg undantekning

Nú eru brúðkaupsveizlur þessar lagðar niður að mestu leyti eða öllu og er þess sízt að sakna og þegar öllu er á botninn hvolft, þá held ég að það hafi

þó hafa verið til gleðilegra endurminninga eftir á, þótt segja megi að það hefði
átt að vera og til þeirra stofnað í þeim tilgangi, að brúðkaupsdagsins skyldi ávallt
minnst sem eins hins hátíðlegasta æfidags manns og konu, er þá bundust
hinum heilögu böndum hjúskapar síns.

Þegar á veizluna leið og menn tóku að verða glaðir og hreifir, var það venja
kaupmanna þeirra, er boðnir voru, að kalla brúðgumann til viðtals við sig og
þá helzt svo, að einn eða þess sem minnst varir, óska honum og hinni ungu
eða þá aldraða konu er hann var að kvænast til hamingju með hjónabandið, og
að rétta honum nokkrar krónur í lófann, sem vott vináttu sinnar og þakklætis.

Flestir þeirra er þetta gerðu — en það voru undantekningarlaust allir
þeir, er boðnir voru —, munu hafa greitt brúðgumanum þrjár krónur í þessu
skyni og sumir t.d. nokkru hærri upphæð, þó eigi yfir tíu krónur, þótt um
hjón væri að ræða. Þetta var þó eigi alveg fullborgun fyrir það sem þegið var, heldur
sem hægast, sem kom sér vel, enda var fyrirhöfnin mikil og kostnaðurinn meiri
síðar, þó allt væri þá, er til þessa þurfti, miklu ódýrara en síðar varð; t.d. má geta
þess, að sauður var þá, ef seldur var 16 krónur á fæti, hangikjöt um hálfa fjórðu krónu,
brennivínsflaskan 60 aura, rommflaskan kr. 1,25, smjörpundið 60 aura o.s.frv. En
þess ber og að geta, að öll áhöld voru lánuð, engin vinna borguð, jafnvel ekki bú-
konunni, frammistöðumanninum né kjallaramanni, sem urðu að vinna að þessu þrjá
daga að undirbúningnum og síðan að því að skila öllu af sér í röð og reglu.

Allar þessar veizlur — en þó drykkjuveizlur einnig — áttu þess jafnan von, að þangað komi
nokkrir óboðnir menn, er nefndir voru „Boðflennur". Voru þetta oftast sömu mennirnir,
er aldrei létu sig vanta þar, er eitthvers ókeypis var von; sjaldan komu þeir þó í tíð,
fyrri en borð voru upptekin og dagur var á þrotum, enda var beinlínis til þess gerðar.
Einna nafnkunnastir voru þeir, Seti Sóti, Páll í Kambi, bróðir hans, Bárður Diðriksson
og síðast en ekki síst, „Pési litli" o.fl. Gerðust þeir stundum svo háværir sumir, að oft varð
annaðhvort að kaupa þá til þess með einni brennivínsflösku handa hverjum þeirra að hafa
sig á brott eða þá, að þeir voru reknir út! Það var því ekkert hlífðarheiti, að vera

nefndur „Dalflenna". Allir voru menn þessir meinhægðarmenn og mönnum að góðu kunnir, engir þjófar eða svolar, en tryggðin þeirra í vín var svo sterk, að þeim héldu engin bönd: þeir urðu að svala þessari fýsn sinni, höfðu lengi verið þrældrykkjumenn og engan eyri getað eignast um dagana og vildu sem skifti, enda vanir vínnautninni frá blautu barnsbeini; þeim var því sannarlega vorkunn og fáir menn svo gerðir, að þeir gæti látið þá afskiptalausa frá sér fara. Hið lakasta við þá var, þá sem oftar, að þeir voru bæði hávaðasamir og helzt um of viðmóðsgóðir manna, sem þeir þá vildu „jafna" milli sín og þeirra, en það fór oftast í drykkju, en þeir gjörðu það þó e.t.v. allt til. Þó ber og á það að líta, að bindindisfélagsskapur hér eigi fyrri en 1885 og að vín var ávallt fáanlegt hverjum þeim, er það gat eignast. Sumir þessara manna, t.d. Pési litli (Pétur Jónsson) reyndi að ganga í G.T.-regluna, en það var þá ekki létt, þótt mönnum ynni hún til ánægju, heldur aldursins, sem varð til þess, að hann á síðustu árum sínum fékk viðtöku hina mestu í vini. Og minnist þess enn og ávallt með mikilli tilfinningu og söknuði, að svo góður drengur, sem Pétur Jónsson var og trúverðugur maður í öllu, skyldi verða herfang Bakkusar mestan hluta æfi sinnar. Einlægari og betri barnavin man nammenz(?) hefi að finna, eins við vín, sem án þess.

Það er ómótmælt að venda að ég segi það, að sökina í þessu átti hann þó eigi sjálfur að öllu leyti, heldur fyrst og fremst sá, sem átti að vernda hann fyrir þessu líka böli, en það var þá – og svo er enn, – ríkisstjórn landsins, sem árlega flytur inn áfengi fyrir miljónir króna til þess að gjöra menn að aumingjum. Þetta veit allur ríkisstjórnin, Alþingismenn þjóðarinnar og aðrir, sem þykjast vera og eiga að vera verndarar heilla þjóðarinnar, en gjöra hið gagnstæða, einmitt þá eftir megni að ástand þetta viðhaldist í landinu og vilja ekkert til þess gjöra að hamla í móti því; vilja enga tilraun gera til þess að leiðrétta þessa menn, sem þó áttu að vera hegðarlitlar. Hvernig fór með bannmálið? Voru það ekki Alþingismennirnir, sem sömdu lögin svo, að þeim varð ekki fylgt, embættismennirnir, læknarnir, dómararnir, sem sögðu: það er skylda hvers ærlegs manns í landinu að brjóta þessi lög: Bannlögin!!"